

Þarftu á félagslegri leiguíbúð að halda?

Kópavogsbær hefur yfir að ráða allmörgum íbúðum í bæjarfélaginu sem leigðar eru til tekju- og efnalíttilla fjölskyldna.

Hefur þú rétt til að leggja inn umsókn?

- Umsækjandi þarf að hafa átt lögheimili og aðsetur í Kópavogi a.m.k. í 6 mánuði áður en umsókn berst velferðarsviði.
- Umsækjandi má ekki eiga fasteign í neinu því formi sem jafna má til íbúðarhúsnæðis.
- Staðfesting um að umsækjandi standist ekki greiðslumat vegna íbúðakaupa.

Félagslegt leiguhúsnæði er tímabundin úrlausn. Verði breyting á félagslegum aðstæðum leigjenda t.d. hjúskaparstöðu, fjölskyldustærð eða fjárhagsstöðu getur það leitt til þess að réttur til leigu verði endurskoðaður.

Fylgigögn og ferli umsóknar:

Umsókn um félagslega leiguíbúð skal berast til þjónustufulltrúa húsnæðisnefndar. Hægt er að skila umsókn í gegnum Íbúagátt á www.kopavogur.is eða fylla út umsóknareyðublað sem er í þjónustuveri. Með umsókninni skal fylgja:

- Ljósrit af launa- og/eða bótaseðlum heimilisfólks fyrir þrjá síðustu mánuði.
- Ljósrit af síðasta skattaframtali
- Útrentun úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra
- Ef við á örorkuvottorð.

Umsókn eru gefin stig sem taka mið af fjárhags- og félagslegum aðstæðum umsækjanda.

Hver eru leigukjörin?

Húsaleiga er ákveðin þannig að hver íbúð hefur fast grunnverð og ofan á það leggst ákveðið fermetraverð. Grunnverð íbúða er kr. 47.000,- og verð hvers fermetra kr. 1.170,-. Þessar fjárhæðir taka breytingum miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2020.

Miðað er við birt flatarmál íbúða samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Við undirritun leigusamnings, er öllum leigutökum skylt að leggja fram tryggingafé sem nemur tveggja mánaða leigu. Tryggingaféð er ætlað til að mæta hugsanlegum viðgerðarkostnaði vegna skemmda á íbúð, en kemur ella til útborgunar ásamt verðbótum við lok leigutímans.

Nánari upplýsingar veita:

- Sigrún Hilmarisdóttir þjónustufulltrúi húsnæðisnefndar, netfang: sigrunhi@kopavogur.is
- Rannveig María Þorsteinsdóttir, deildarstjóri ráðgjafa og íbúðadeildar, netfang: rannveig@kopavogur.is